

**Áheitagangan „Enn gerum við gagn“  
til styrktar Krabbameinsfélagi Austfjarða**

Erindi þetta er sent af stjórn Jaspis - Félags eldri borgara á Stöðvarfirði - f.h. allra sambærilegra félaga í Fjarðabyggð og Djúpavogshreppi.

Með bréfinu fylgir ljósrit af auglýsingu, sem birtist í Dagskránni um s.l. páska, en þar er lýst verkefni því, sem nefnt er í fyrirsögninni. Í meginatriðum má segja að eldri borgarar í öllum byggðarlögunum munu ganga ríflega 250 km í Fjarðabyggð og meira en 100 km Djúpavogshreppi til styrktar Krabbameinsfélagi Austfjarða, en starfssvæði þess nær yfir sveitarfélögin. Verkefnið hófst 1. maí og nú þegar hefur verið lokið við 60 - 70% af vegalengdinni. Ekkert bendir til annars en að göngunni verði brátt lokið.

Skömmu eftir að auglýsingin birtist var af Íslandspósti dreift frá okkur áheitaseðlum inn á öll heimilisföng í sveitarfélögunum. Við höfum einnig sent bréf til ýmissa fyrirtækja í byggðarlögunum með ósk um að þau styrki verkefnið.


**Hér með er sótt um styrki frá sveitarfélögunum tveim, þar sem gangan fer fram, þ.e. annars vegar Djúpavogshreppi og hins vegar Fjarðabyggð.**

Verði styrkur veittur má greiða hann inn á reikning nr. 0167-05-200001, kennitala 610313-0810 (eigandi Jaspis). Frekari upplýsingar verða veittar í uppgefnu símanúmeri hér að neðan.

Með ósk um að erindi þetta verði skoðað af velvilja.

Stöðvarfirði 17. maí 2019,

F.h. stjórnar Jaspis - Félags eldri borgara á Stöðvarfirði:



Hlíf B. Herbjörnsdóttir

s. 845-1104

# Engagerum við gagn

## Áheitaganga um Austurland 2019

Félög eldri borgara í Fjarðabyggð og Djúpavogshreppi standa fyrir áheitagöngu til styrktar Krabbameinsfélagi Austfjarða. Ef vel tekst til verða gengnir ríflega 250 km í Fjarðabyggð og um eða yfir 100 km í Djúpavogshreppi.

Gangan verður formlega sett af stað 1. maí kl. 10:00 á planinu við Reyðarfjarðarkirkju.

Gengið verður innan svæðisins, allt frá Þvottáskriðum í suðri, að Dalatanga í norðri eftir Þjóðvegi nr. 1 og öðrum vegum að og frá byggðarlögum í Fjarðabyggð og á Djúpavogi. Einnig eftir eldri vegum (Oddsskarð, Vattarnesskriður, frá Breiðdalsheiði og frá Öxi). Ætlast er til að þátttakendur fari eftir öryggisreglum, sem kynntar hafa verið í félögunum og farið verður yfir við upphaf göngu. Til að framlag göngumanna telji þurfa þeir að vera 60 ára eða eldri, en ekki er skilyrði að allir séu skráðir í eitthvert félaganna. (Sjá nánar á heimasíðum Fjarðabyggðar og Djúpavogshrepps).

### Markmið verkefnisins eru þessi:

A Stuðla að heilsueflingu og útiveru.

B Sýna að eldra fólk getur verið öflugur þátttakandi í því „að vera til“.

C Safna áheitum til stuðnings Krabbameinsfélags Austfjarða.

Safnað verður áheitum hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

Koma má áheitum til eftirtalinna fyrirtækja: Neskaupstaður - Kjörbúðin. / Eskifjörður - Kjörbúðin. / Reyðarfjörður - Veidiflugan. / Fáskrúðsfjörður - Kjörbúðin. / Stöðvarfjörður - Brekkan / Breiðdalsvík - Kaupfjlagið. / Djúpivogur - Kjörbúðin.

Þar verða kassar merktir göngunni, sem hægt verður að setja miðana í.

Stofnaður hefur verið bankareikningur í Landsbankanum til að auðvelda fólki að leggja inn áheitafé. Bankanúmer er sem hér greinir:

**0167-05-200001, kt. 610213-0810, eigandi Jaspis.**

Lágmarksfjárhæð er kr. 20 á genginn km. (Hér reiknað með 250 km v. göngu um Fjarðabyggð).

Einnig valkostur að greiða kr. 40 / 80 / 100 / 200 / 400, **eða að eigin vali.**

Km	250	250	250	250	250	250
Kr.	20	40	80	100	200	400
Samtals	5.000	10.000	20.000	25.000	50.000	100.000

(Útbúinn verður sérstakur áheitaseðill fyrir Djúpavogshrepp).

Áheitaseðlar verða sendir í hús á svæðinu innan skamms. Einnig aðgengilegir fyrir brottflutta og aðra, sem senda beiðni þar um á netfangið **bibbasin@simnet.is**.

Styrktarfé verður afhent Krabbameinsfélagi Austfjarða við opinbera athöfn að göngu lokinni.

Fyrir hönd framangreindra félaga;  
**JASPIS - Félag eldri borgara á Stöðvarfirði, s. 845-1104**

Styrkt af:

